


## Eftir Braga Ásgeirsson

Það er stórt orð Hákot, segir máltækið og vist hrökk ég við, er ég las þau framslátt Gunnars Kvaran í Dagblaðinu á dögunum, að Lífshlaup Kjarvals væri listræn fölsun. Átti Gunnar þar við, „að listaverkið hafi skipt um eðli og í raun fengið tvíræða formgerð og um leið tvöfaldan lestur. Annars vegar sem málverk eftir Kjarval og hins vegar sem fornleifafræðileg hugmynd þess eðlis að endurreisa vinnustofu Kjarvals í framtíð umhverfi. Hið nýja „listaverk“ er ekki aðeins málverk heldur einnig hlutir úr gömlu vinnustofunni. Hurð, dyrakarmur, miðstöðvarofn, borð og stóll eru orðin hluti af listaverkinu. Við erum í raun kominn inn í myndheim popp- og listamannsins George Segal“.

Ósköp fannst mér þetta furðulegur framsláttur hjá Gunnari Kvaran og þá ekki sízt síðasta setningin, sem ruglar saman umhverfi Kjarvals og myndheimi George Segal. Og Gunnar heldur áfram: „Þeir sem stóðu að þessari „endurreisn“ hafa ekki átt sig á gerbreyttu inntaki list- og sjónmenntahugtaksins í samtímalistum. Hér er því ljóst að þyngdarpunktur verksins sem hugsað var á veggfleti hefur nú færst „út fyrir rammann“ og gert verkið að umhverfislist í þrívídd, þ.e.a.s. veggurinn sjálfur, hurðin, og ofninn, sem höfðu fyrst og fremst praktískt notagildi fyrir listamanninn, eru nú orðin hluti af listaverkinu. Listaverkið hefur verið rífið úr sínu venjubundna samhengi og þannig öðlast á móta inntak og ready-made listaverk Duchamp. Þetta er eðlileg afleiðing þegar



# Listræn fölsun?

peningahugleiðingar sitja í fyrirrúmi.“

Vist má hver og einn segja sitt álit á þessari framkvæmd en það er ábyrgðarhluti og slá slíku fram sem óbyggjandi staðreyndum og blanda upprunalegu umhverfi Kjarvals saman við tilbúinn myndheim George Segal. Ég get alfarið viðurkennt það, að listaverk, sem verður til á vinnustofu myndlistarmanns sé komið í framtíð umhverfi um leið og það yfirgefur uppruna sinn. Það sama má segja um jóðið sem yfirgefur móðurkvið, það hefur væntanlega skipt um eðli, fengið tvíræða formgerð og um leið tvöfaldan lestur. Annars vegar var það kyrfilega falið í móðurkviði og hinsvegar öðlast það nýjar víddir og nýjan lestur er það hverfur frá uppruna sínum og er orðið að sýnilegum hlut í þrívídd!

Það má koma orðum að öllu og vafalítið má rökræða endalaut

um þetta er er óþarfi frá mínum bæjardýrum séð. Ég hyggst eingöngu reyna að hnekkja þessum framslætti með nokkrum orðum vegna þess að mér þykir hann í meira lagi vafasamur.

Það getur verið alveg rétt, að þeir sem stóðu að nefndri endurreisn Lífshlaupsins hafi ekki átt sig á gerbreyttu inntaki, „list- og sjónmenntahugtaksins í samtímalistum“ og þá hefur það einungis verið glópalán að viðkomandi gerðu rétt, því að augljóst má vera hve myndirnar væru miklu fátækari án þess að vera sviðsettar í líkingu við upprunalegt umhverfi. Merkillegt er þegar öllum þessum mikla framslætti er skyndilega víxlað í peningasjónarmið og síðan klykkt út með því „að á Íslandi er að vaxa fram harðsvifin listaverkaverzlun“ og loks, að íslenzkir listamenn og stjórnvöld taki afstöðu gagnvart þessum markaði og setji ákveðnar reglur um höf-

undarétt og útflutning á íslenzkum listaverkum.

Nú er það svo að íslenzkir myndlistamenn eru þrautpíndir af afskiptaleyssi íslenzkra stjórnarvalda og svo var einmitt með Kjarval lengst um, og frekar vildu menn blása lífi í lélegustu listaverkaverzlun norðan Alpa-fjalla en hitt og ekki vildum við alfarið láta frysta inn íslenzk listaverk á þessu útskeri norður við Dumbshaf. Við þetta má bæta, að dreifikerfi listaverka um landsbyggðina er ekkert.

Jæja, en snúum okkur aftur að máli málanna Lífshlaupi Kjarvals. — Það vita allir sem þekktu Kjarval, að maðurinn var stórkostlegur leikari og gekkst mjög upp í því að láta á sér bera á köflum og brá sér þá gjarnan í leik þar sem hann var staddur er sá gállinn var á honum. Margar tiltektir hans mundu vafalítið slá í gegn væru þær uppfærðar í listabingum nútímans sem „per-

formansar“. Þá voru vinnustofur hans líkt og margra artista á myndlistarsviði, líkastar þí sem maðurinn væri stöðugt að leik — væri stöðugt að búa til umhverfislist og hann var allstaðar með pensilinn á lofti og hvarvetna spratt líf. Lífshlaupið kemur engum öðrum listamanni við en einmitt Jóhannesi Sveinssyni Kjarval, þetta var hans myndheimur, upprunalegur og magnaður og ber okkur að reyna að bregða upp sem gleggstri mynd af listamanninum og umhverfi hans ef svo farsælega vill til að listaverkið verði að íslenzkri eign. Þetta er svo sjálfsagt og náttúrulegt sem verið getur og kemur engum listastefnum nútímans við í kjarna sínum þótt vísa megi til skyldleika. Því er naumast hægt að slá fram fullyrðingum né getsökum um „listræna fölsun“ og öllu slíku bera að vísa rակleidis til föðurhússanna.



Ljósmynd: Snorri Snorrason.

ad vera það, að opinberir aðilar skipti sér af því, hvað sýnt er í myndstöðvum eða hverjir standi að þeim, heldur á hið opinbera að standa vörð um eignarrétt manna á þessu sviði sem öðrum.

Það á engum að líðast að fá hugverk manna leigð með þeim kjörum, að þau séu til einkanota og síðan séu þau gerð að söluvöru án þess að höfundurinn fái eitthvað í aðra hönd. Til eru reglur, sem eiga að tryggja höfundarrétt á töluðu máli og rituðu og raunar einnig því, sem fest er á filmu. Vonandi einbeitir hin nýskipaða nefnd sér að þessum þætti myndstöðvabyltingarinnar en eyðir ekki kröftunum í að smíða reglur til skerða frelsi manna til að njóta þess, sem framleitt er fyrir slíkar stöðvar. Þær lifa ekki lengur en fólk hefur áhuga á þeim.

## Hugmyndir Hægriflokksins

Eins og fram kom í viðtali við Lars Roar Langslet, sem birtist hér í blaðinu 11. apríl 1980 um frjálst útvarp í Noregi, ákvað Hægriflokkurinn á landsfundi sínum 1978, að útvarpsrekstur skyldi tekinn til sérstakrar athugunar á hans vegum. Var Langslet skipaður formaður flokksnefndar til að fjalla um málið og með honum voru hægri menn úr menntamálanefnd Stórþingsins og útvarpsráði. Nefndin valdi ekki þann kost að semja algjörlega nýjar reglur um norskan útvarpsrekstur. Vildi hún, að stig af stigi þróaðist rekstur bæði hljóðvarps og sjónvarps í frjálsræðisátt og yrðu skrefin ákveðin í hvert sinn miðað við áunna reynslu.

Í tillögum nefndarinnar segir, að norska ríkisútvarpið skuli áfram hafa rétt til að reka hljóðvarp og sjónvarp en ekki einkarétt. Sú meginregla er mótuð, að mönnum sé frjálst að koma sér upp og starfrækja tæknibúnað til staðbundinna útsendinga á út-

varpsdagskrám hvort heldur um streng eða þróaðust. Verði það í höndum fjarskiptayfirvalda á hverjum stað að úthluta tíðnisviði og fylgjast með því, að tæknibúnaður sé þannig úr garði gerður, að hann valdi ekki truflunum á öðrum loftskeytum. Staðbundnum samtökum verði veitt útvarpsleyfi í sinni heimabyggð, bæði þeim, sem nú séu starfandi og einnig þeim, sem kynnu að verða stofnuð í því skyni að stunda útvarpsrekstur. Einkafyrirtæki fái heimild til sjónvarpsendinga um streng gegn áskriftargjaldi og geti sent út efni, sem þau hafa keypt, leigt eða framleitt sjálf.

Samhliða þessum staðbundnu sendingum taldi útvarpsnefnd norska Hægriflokksins, að Stórþingið ætti að skipa útvarpsnefnd ríkisins, sem hefði það hlutverk að úthluta útsendingartíma á bylgjum, sem ná til alls Noregs. Taldi nefndin ekki líkur á því, að einka-aðilar réðust á næstunni í það stórvirki að koma upp fjarskiptaneti, sem næði til allra staða í Noregi eins og ríkisútvarpið. Í því efni biða Norðmenn líklega eftir sérstökum útvarpsgervihnetti fyrir sig, en hægri mönnum þótti koma til álit á þessu stigi að leyfa einkaaðilum að nota útsendingarnet norska ríkisútvarpsins á öðrum tímum en venjulegum útsendingartíma.

## Norðmenn varkárir

Enginn getur sagt, að Norðmenn flasi að neinu, er snertir þjóðlíf þeirra. Síst af öllu ættu róttæklingar að saka hægri menn um að vera of nýjungagjarna, en líklega hlytu tillögur Hægriflokksins í Noregi um frjálst útvarp ekki einu sinni hljómgrunn meðal ráðamanna í Framsóknarfloknum hvað þá almennt innan ríkisstjórnarinnar hér á landi.

Einmitt í málu eins og þessum eru vinstri stjórnir afturhaldsamar, því að innan þeirra taka menn rétt ríkisins fram yfir rétt einstaklingsins. Líklega myndu allir ráðherrar í ríkisstjórn Íslands leggja lóð sitt á vogarskál ríkisins, ef þeir ættu að taka afstöðu til hugmynda um frjálst útvarp í þeirri mynd, sem hér hefur verið lýst. Þessir sömu ráðherrar hika þó ekki við að sveipa sig skikkju frjályndis, þegar þeir mæta á mannámótum.

Það er svo sannarlega ástæða til þess fyrir áhugamenn um frjálst útvarp á Íslandi að fylgjast náið með því, hvað gerist á þessu sviði í Noregi undir ráðherrastjórn Lars Roar Langslets. Í hans augum er einn helsti vandinn í þessu máli öllu að ákveða, hvort innleiða beri auglýsingar í útvarp og sjónvarp í Noregi, vandi, sem við eigum ekki við að stríða vegna hefðar í ríkisfjölmiðunum. Í tillögum útvarpsnefndar Hægriflokksins segir, að við hlið norska ríkisútvarpsins geti aðrar útvarpsstöðvar tæplega þrífist nema þær fái heimild til að afla sér tekna með auglýsingum og leggur nefndin til, að þær verði leyfðar bæði í hljóðvarpi og sjónvarpi einkaaðila, en hins vegar byggist rekstur ríkisútvarpsins áfram á afnotagjöldum. Vill nefndin, að auglýsingar slíti ekki dagskrárlíði í sundur heldur birtist á milli líða og að hámarki 30 mínútur á dag. Þessar reglur stafa ekki af því að ætlunin sé að hafa hömlur á tekjuöfluninni heldur af tilliti til hlustenda og áhorfenda (við myndum meta slíka reglu í jólaflóðinu).

Það er nauðsynlegt að hefja umræðurnar um frjálst útvarp á Íslandi á öðrum forsendum en hingað til. Kjörinn vettvangur til þess er til dæmis landsfundur Sjálfstæðisflokksins í lok þessa mánaðar. Flokkurinn er eina stjórn málaaflið hér á landi, sem léti ekki oftrúna á ríkið villa sér sýn í þessu máli.

þeirra hópi eru menntamálaráðherra og formaður nefndarinnar, eru að hugsa um þessi mál. Í forystugrein Tímans er komist að þeirri niðurstöðu, að setja verði löggjöf um myndstöðvarnir. Rökkin eru þessi: „Þar þarf margs að gæta. Þó verður fyrst og fremst að tryggja, að slíkar stöðvar séu ekki misnotaðar, hvorki af stjórnmaláðilum né fjársterkum einstaklingum eða fyrirtækjum. Jafnframt verður dagskrárefni slíkra stöðva að lúta svipuðum reglum með tilliti til barna og unglínga og ríkisútvarpið.“

Í hinum tilvitnuðu orðum kemur fram sá grunntónn, að ríkið eigi bæði að ákveða hverjir reki myndstöðvar og hvernig dagskráin verði. Hver hefur veitt fram-sóknarmönnum umboð til að ákveða þessi afskipti ríkisins af þessum tækjum? Er þörf á því nú að hlaupa til og hnoða saman einhverjum lagabálki um opinbera ihlutun á þessu sviði með þeim hætti, sem Tíminn vill? Raunar sýna hugmyndir Tímans gleggst, hve vanhugsaðar hugmyndir manna um þetta mál eru enn hér á landi. Fyrsta viðfangsefnið á ekki